

Fjölbrautaskólinn Ármúla
02 351

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjölbrautaskólinn Ármúla
kt. 590182-0959
Ármúla 12, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbrautaskólinn Ármúla er skóli á framhaldsskólastigi og hefur verið rekinn sem slíkur undir eigin nafni frá árinu 1981. Á þeim árum sem skólinn hefur starfað sem sjálfstæður fjölbrautaskóli hafa átt sér stað ýmsar breytingar eins og gengur og gerist. Áður en skólinn fékk leyfi til að brautskrá nemendur í eigin nafni var hann í nokkur ár rekinn sem útibú frá Kennaraskólanum og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Í dag leggur skólinn áherslu á bóklegar greinar til stúdentsprófs en er auk þess móðurskóli starfsnáms á heilbrigðisviði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.707,1 milljónir og afkoma kr. 21,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 136,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 282,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbrautaskólans Ármúla í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbrautaskólans Ármúla fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Magnús Ingvason,
skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.533.917.351	1.508.732.463
Seld þjónusta	3	134.518.789	137.644.407
Framlög og ýmsar tekjur	4	25.499.125	15.934.800
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	13.141.962	9.974.823
Tekjur samtals		<u>1.707.077.227</u>	<u>1.672.286.493</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.306.199.461	1.297.217.213
Annar rekstrarkostnaður	6	366.378.557	333.985.031
Afskriftir	7	13.141.962	9.974.823
Gjöld samtals		<u>1.685.719.980</u>	<u>1.641.177.067</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		21.357.247	31.109.426
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(25.414)	(37.365)
		<u>(25.414)</u>	<u>(37.365)</u>
Afkoma ársins		<u><u>21.331.833</u></u>	<u><u>31.072.061</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		53.237.120	49.628.303
Aðrar eignir		1.330.982	1.418.114
Fastafjármunir samtals		<u>54.568.102</u>	<u>51.046.417</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		131.376	2.447.400
Tengdir aðilar	9	180.216.530	123.978.093
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	7.735.616	5.913.642
Handbært fé	11	39.575.558	33.939.645
Veltufjármunir samtals		<u>227.659.080</u>	<u>166.278.780</u>
Eignir samtals		<u>282.227.182</u>	<u>217.325.197</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		136.809.590	115.477.757
Eigið fé samtals		<u>136.809.590</u>	<u>115.477.757</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	3.506.708	3.283.628
Viðskiptaskuldir		14.725.137	9.129.641
Ýmsar skammtímaskuldir	13	53.369.275	57.975.737
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	73.816.472	31.458.434
Skuldir samtals		<u>145.417.592</u>	<u>101.847.440</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>282.227.182</u>	<u>217.325.197</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		21.331.833	31.072.061
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	13.141.962	9.974.823
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(13.141.962)	(9.974.823)
		<u>21.331.833</u>	<u>31.072.061</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		494.050	(364.083)
Tengdir aðilar		(17.179.004)	(26.285.411)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		989.034	382.799
		<u>(15.695.920)</u>	<u>(26.266.695)</u>
		<u>5.635.913</u>	<u>4.805.366</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(16.663.647)	(24.043.707)
		<u>(16.663.647)</u>	<u>(24.043.707)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	13.543.707
Fjárfestingarframlag		16.663.647	10.500.000
		<u>16.663.647</u>	<u>24.043.707</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		5.635.913	4.805.366
		<u>33.939.645</u>	<u>29.134.279</u>
		<u>39.575.558</u>	<u>33.939.645</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað / 10 ár

þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	1.533.917.351	1.508.732.463
Tekjufærsla frestaðra tekna	13.141.962	9.974.823
	<u>1.547.059.313</u>	<u>1.518.707.286</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.549.200.000	0	0	1.549.200.000
Fjáraukalög	(45.000.000)	0	0	(45.000.000)
Launabætur	9.200.000	0	0	9.200.000
Millifært úr varasjóð	12.100.000	0	0	12.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	8.417.351	0	0	8.417.351
Fjárveiting til tekna	1.533.917.351	0	0	1.533.917.351
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.512.585.518)	0	0	(1.512.585.518)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	21.331.833	0	0	21.331.833

2021 2020

3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	5.975.140	3.994.429
Sala á vöru og þjónustu	29.701.200	30.672.000
Vörusala II	1.600.500	1.790.500
Verksala	116.900	343.600
Ýmsar þjónustutekjur	97.062.049	100.757.708
Veitinga- og gistiþjónusta	0	59.170
Fræðslustarfsemi og fundir	63.000	27.000
	<u>134.518.789</u>	<u>137.644.407</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	1.375.003	1.672.500
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	18.573.004	10.439.348
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	3.393.980	2.704.230
Ýmsar tekjur	2.157.138	1.118.722
	<u>25.499.125</u>	<u>15.934.800</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.066.577.559	1.045.491.309
Orlof, breyting	(4.674.462)	7.938.204
Launatengd gjöld	240.240.622	237.552.356
Starfsmannakostnaður	4.055.742	6.235.344
	<u>1.306.199.461</u>	<u>1.297.217.213</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	96,2	95,0
------------------------------	------	------

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	3.146.618	2.066.373
Byggingarvörur, almennar	177.998	261.750
Byggingarvörur, aðrar	53.095	0
Tæki og búnaður til innréttinga	148.000	66.434
Ýmis tæki og áhöld	6.558.309	5.362.462
Varahlutir og viðhaldsvörur	132.388	134.774
Orkugjafar	11.573.418	11.090.644
Matvæli	6.709.631	3.827.394
Almennar rekstrarvörur	4.722.900	5.030.412
Vörukaup, almenn	33.222.357	27.840.243
Kennslu- og fönðurvörur	3.638.521	2.882.374
Ýmsar sérgreindar vörur	14.101	179.369
Vörukaup, sérgreind	3.652.622	3.061.743
Fundir, námskeið, risna	888.487	794.465
Ferðir, upphald	1.438.492	849.903
Akstur	1.422.104	627.641
Sérfræðiþjónusta	30.982.435	25.861.655
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	922.388	990.852
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.901.896	2.727.934
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	7.847.593	2.959.870
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	45.403.395	34.812.320
Afnotagjöld	9.572.156	7.894.515
Leigugjöld	234.434.150	226.834.339
Notkun véla og flutningatækja	1.676.240	828.920
Verkkaup	37.378.951	31.636.614
Kostnaðarhlutdeild	854.986	921.474
Áhættutap og bætur	17.900	0
Opinber gjöld	120.800	12.226
Tilfærslur	45.000	142.637
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	284.100.183	268.270.725
Annar rekstrarkostnaður samtals	366.378.557	333.985.031
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	13.054.830	9.855.066
Aðrar eignir	87.132	119.757
	13.141.962	9.974.823

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	53.237.120	49.628.303
Aðrar eignir	1.330.982	1.418.114
	<u>54.568.102</u>	<u>51.046.417</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	113.926.267	3.972.744	117.899.011
Viðbætur á árinu	16.663.647	0	16.663.647
	<u>130.589.914</u>	<u>3.972.744</u>	<u>134.562.658</u>
Afskriftir 01.01.2021	64.297.964	2.554.630	66.852.594
Afskrift ársins	13.054.830	87.132	13.141.962
	<u>77.352.794</u>	<u>2.641.762</u>	<u>79.994.556</u>
Staða 31.12.2021	<u>53.237.120</u>	<u>1.330.982</u>	<u>54.568.102</u>

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	174.486.530	123.978.093
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	5.730.000	0
	<u>180.216.530</u>	<u>123.978.093</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	3.506.708	3.283.628
	<u>3.506.708</u>	<u>3.283.628</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	127.635	0
Skattar	7.607.981	5.913.642
	<u>7.735.616</u>	<u>5.913.642</u>

11 Handbært fé

Sjóðir	6.000	11.200
Tékkareikningar	37.094.410	31.457.256
Sparisjóðsreikningar	2.475.148	2.471.189
	<u>39.575.558</u>	<u>33.939.645</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 8,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	115.477.757	84.405.696
Afkoma ársins	21.331.833	31.072.061
Jöfnuður 31.12.	136.809.590	115.477.757

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	53.301.275	57.975.737
Önnur ógreidd gjöld	68.000	0
	53.369.275	57.975.737

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	54.568.102	51.046.417
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	19.248.370	(19.587.983)
	73.816.472	31.458.434

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	51.046.417	(19.587.983)	31.458.434
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	55.500.000	55.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	16.663.647	(16.663.647)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(13.141.962)	0	(13.141.962)
	54.568.102	19.248.370	73.816.472

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 13,4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði með uppsagnarákvæði í apríl á hverju ári, þjónustusamning vegna ræstingar og ýmsa aðra samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 244,7 milljónum, vegna þjónustusamnings kr. 25,6 milljónir og vegna annara samninga kr. 11,2 milljónir.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanns sem látið hefur af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2021, kr. 0,6 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.